

Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður slhf.

# Verðbréfalýsing

31. október 2022

Umsjónaraðili með gerð lýsingar  
Fyrirtækjaráðgjöf - Landsbankans hf.



## Efnisyfirlit

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Áhættupættir</b>  | <b>3</b>  |
| 1.1      | Almenn áhætta skuldabréfa  | 4         |
| 1.2      | Áhætta tengd skuldabréfaflokknum                                     | 4         |
| 1.2.1    | Endurgreiðsluáhætta  | 4         |
| 1.2.2    | Mótaðilaáhætta   | 5         |
| 1.2.3    | Seljanleikaáhætta  | 5         |
| 1.2.4    | Umfram- og uppgreiðsluáhætta   | 6         |
| 1.2.5    | Markaðsáhætta  | 6         |
| 1.2.6    | Vaxtaáhætta  | 6         |
| 1.2.7    | Verðbólguáhætta  | 6         |
| 1.2.8    | Áhætta við gjaldþrot   | 6         |
| 1.2.9    | Áhætta vegna skilmálabreytinga                                       | 7         |
| 1.2.10   | Lagaleg áhætta og ágreiningsmál                                      | 7         |
| 1.2.11   | Uppgjörsáhætta   | 8         |
| <b>2</b> | <b>Skuldabréfin</b>  | <b>9</b>  |
| 2.1      | Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna                                   | 9         |
| 2.2      | Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin                       | 9         |
| 2.3      | Lög sem gilda um skuldabréfin  | 14        |
| 2.4      | Rafræn skráning og framsal   | 14        |
| 2.5      | Forgangsröðun skuldabréfanna   | 14        |
| 2.6      | Heimild til útgáfu skuldabréfa                                       | 15        |
| 2.7      | Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins                                | 15        |
| 2.8      | Taka skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland | 15        |
| 2.8.1    | Kostnaður vegna töku til viðskipta                                   | 15        |
| 2.9      | Skattamál  | 15        |
| 2.10     | Upplýsingar frá þriðja aðila   | 16        |
| 2.11     | Ábyrgðaraðili og rekstraraðili útgefanda                             | 16        |
| <b>3</b> | <b>Tilkynning til fjárfesta</b>                                      | <b>17</b> |
| 3.1      | Gildistími og skjöl til sýnis  | 18        |
| 3.2      | Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar                                     | 19        |
| 3.3      | Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar                           | 19        |
| 3.4      | Hugsanlegir hagsmunarárekstrar                                       | 20        |
| 3.5      | Skilgreiningar   | 20        |
| 3.6      | Skammstafanir og hugtök  | 22        |

|          |                                  |           |
|----------|----------------------------------|-----------|
| <b>4</b> | <b>Útgáfulýsing LVED 57.....</b> | <b>23</b> |
|----------|----------------------------------|-----------|

## 1 Áhættupættir

Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf., kt. 701215-0280, Borgartúni 33, 105 Reykjavík (hér eftir „**Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður**“, „**útgefandi**“, „**sjóðurinn**“ eða „**félagið**“) er samlagshlutafélag og sérhæfður sjóður samkvæmt lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir, „**lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða**“) sem rekið er af Landsbréfum hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík (hér eftir „**Landsbréf**“ eða „**rekstraraðili**“). Tilgangur útgefanda er fjárfestingastarfsemi, einkum fjárfestingar í skuldabréfum og lánasamningum með fasteignaveðum. Starfsemi útgefanda var upphaflega fjármögnuð með útgáfu hlutabréfa, en fjármögnun var síðar breytt með útgáfu á skuldabréfaflokknum LVED 57 (hér eftir, „**skuldabréfin**“ og „**skuldabréfaflokkurinn**“), afhentur hluthöfum félagsins í skiptum fyrir hluti en allir hluthafar eru fagfjárfestar skv. 13. tl. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (hér eftir, „**lög um markaði fyrir fjármálagerninga**“). Ábyrgðaraðili útgefanda er Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður GP ehf., kt. 661115-2380, Borgartúni 33, 105 Reykjavík (hér eftir „**Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP**“ eða „**ábyrgðaraðili**“). Ábyrgðaraðili ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins og gegnir hlutverki stjórnar félagsins samkvæmt 161. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög (hér eftir „**lög um hlutafélög**“). Ábyrgðaraðili útgefanda er í fullri eigu Dranga Fund hs., kt. 440612-9970, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, sem er hlutdeildarsjóður stofnaður af rekstraraðila í samræmi við 16. tl. 3 gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir, „**lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða**“).

Fjallað er um Landsbréf - Veðskuldabréfasjóð í útgefandalýsingu Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs dagsettri 31. október 2022.

Fjárfesting í skuldabréfaflokki útgefanda felur í sér áhættu en verðmæti hans getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfaflokknum eða eftir atvikum hluta hennar. Til að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfaflokki útgefnum af útgefanda eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel skilmála hans, áhættupætti sem lýst er hér á eftir og upplýsingar um útgefandann sem finna má í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022, áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum er tekin.

Áhættupættirnir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir áhættupættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn, svo meta megi áhættuna sem tengist honum. Þessi kafli ásamt kafla 1 um áhættupætti í útgefandalýsingu Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs, dagsettri 31. október 2022, inniheldur eftir bestu vitund útgefanda þá áhættupætti sem máli kunna að skipta við mat á áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokknum. Áhættupættir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Útgefandi getur ekki spáð fyrir um líkur þess hvort eða hvenær þeir áhættupættir sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi útgefanda eða verð skuldabréfaflokksins útgefnum af útgefanda. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættupátta.

Afmörkun á áhættupáttum getur verið með ýmsu móti og þá má flokka með mismunandi aðferðum. Hér er eftir fremsta megni reynt að kortleggja þekktu áhættupætti sem áhrif hafa á skuldabréfaflokkinn og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættupáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættupættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram

með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættuþáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á skuldabréfaflokkinn.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfaflokkinn í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu.

## 1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta.

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifsviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum.

Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldabréfum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur.

Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldabréfum sem tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndatilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda. Skuldabréf standa frammar í kröfuröðinni en til dæmis hlutabréf, en þrátt fyrir það geta fjárfestar tapað virði fjárfestingar sinnar í heild eða hluta.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér vel starfsemi útgefanda og skilmála skuldabréfaflokksins ásamt eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti sem og umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í 1. kafla „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum LVED 57.

## 1.2 Áhætta tengd skuldabréfaflokknum

### 1.2.1 Endurgreiðsluáhætta

Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Útgefandi hefur skuldbundið sig til að greiða af skuldabréfaflokknum LVED 57 á gjalddaga og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu og standa

þær eignir til tryggingar sem tilheyra honum hverju sinni, eins og kemur fram í grein 2.2 í útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins, sem finna má í kafla 4 „Útgáfulýsing LVED 57“ í verðbréfalýsingu þessari. Nánari upplýsingar um eignir félagsins er að finna í kafla 2.6.3 „Fjárfestingar“ í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022. Útgefandi fjármagnar skuldbindingar sínar vegna skuldabréfaflokksins með tekjum og/eða arði af eignum sínum, sem eru fjárfestingar í veðskuldabréfum, lánum og öðrum skuldarviðurkenningum fyrirtækja og annarra aðila. Ef tekjur af eignum útgefanda verða minni eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfaflokknum. Við slíkar aðstæður getur útgefandi þurft að nýta heimild til skilmálabreytinga skuldabréfaflokksins en þá þarf hann að boða til fundar eigenda skuldabréfaflokksins og fá samþykki 66,67% eigenda útgefina skuldabréfa miðað við fjárhæð. Hafi svo greiðsla af skuldabréfunum ekki verið innt af hendi innan 30 daga frá gjalddaga er um vanefnd að ræða samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins og er eigendum heimilt að fella alla skuldina fyrirvaralaust á gjalddaga og án uppsagnar.

Rekstraraðili útgefanda er skaðlaus af útgáfu skuldabréfaflokksins, ber ekki ábyrgð á greiðslum vegna hans og er hvorki skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfaflokknum.

### 1.2.2 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfaflokksins er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar. Útgefandi skuldbindur sig til að greiða af skuldabréfaflokknum á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Standa mótaðilar útgefanda hins vegar ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar með getu hans til þess að standa skil á greiðslum til fjárfesta skv. skilmálum skuldabréfaflokksins. Til tryggingar endurgreiðslna langtímakrafna útgefanda hafa mótaðilar veitt útgefanda veð í fasteignum í eigu þeirra, nánari upplýsingar um fjárfestingar útgefanda er að finna í kafla 2.6.2 „Fjárfestingar“. Ekki er hægt að útiloka að mótaðilar standi ekki við gerða samninga. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar og valdið fjárfestum fjárhagslegu tjóni.

Fjárfestum er bent á að kynna sér vel umfjöllun um skilmála skuldabréfaflokksins en þá er að finna í útgáfulýsingu sem dagsett er 19. maí 2019 og er aðgengileg í kafla 4 „Útgefandalýsing LVED 57“ í verðbréfalýsingunni. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta, þrátt fyrir þau úrræði sem fjárfestar hafa skv. skilmálum hans. Fjallað er sérstaklega um útgefanda skuldabréfaflokksins og þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um hann í útgefandalýsingu Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs sem dagsett er 31. október 2022.

Mótaðilaáhætta fjárfesta getur einnig falist í því að mótaðili í viðskiptum með skuldabréfaflokkinn á eftirmarkaði standi ekki við skuldbindingar sínar, þ.e. að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er þar sem mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Fyrrgreint getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa í skilum á sínum skuldbindingum.

### 1.2.3 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfaflokksins felst í því að ekki reynist mögulegt að selja hann á þeim tíma og/eða í því magni eða á því verði sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk sem veldur því að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi. Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfaflokkinn við töku hans til viðskipta eða

að slíkur markaður myndist í framtíðinni. Þetta á sérstaklega við ef útgefandinn á í fjárhagslegum erfiðleikum, skuldaskjölin eru mjög næm fyrir vaxtabreytingum, gengi gjaldmiðla eða annarri markaðsáhættu, skuldaskjölin eru hugsuð fyrir sérstök fjárfestingarmarkmið eða hafa þann tilgang að mæta þörfum takmarkaðs hóps fjárfesta. Eftirmaaður slíkra verðbréfa er almennt takmarkaðri og verðflökt þeirra meira í samanburði við hefðbundin verðbréf. Takmarkaður seljanleiki getur haft verulega neikvæð áhrif á markaðsvirði bréfanna. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn og viðskiptavakt er ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

#### **1.2.4 Umfram- og uppgreiðsluáhætta**

Útgefanda er heimilt á vaxtagjalddögum bréfsins að greiða skuldabréfaflokkinn upp hraðar eða að fullu áður en að lokagjalddaga er komið. Vegna heimildar til fyrirframgreiðslu eða uppgreiðslu verða fjárfestar að gera ráð fyrir því að greiðslufæði þeirra af skuldabréfaflokknum geti breyst og að hann kunni að vera greiddur upp að fullu eða áður en kemur að lokagjalddaga. Komi til þess að útgefandi nýti slíka heimild er hætta á að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiðslufjárhæðinni á sömu kjörum á markaði.

#### **1.2.5 Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta skuldabréfaflokksins felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

#### **1.2.6 Vaxtaáhætta**

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lánstími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta, að öðru óbreyttu. Skuldabréfin í flokki LVED 57 bera fasta 3,5% verðtryggða vexti og eru til 38 ára. Skuldabréfaflokkurinn er með uppgreiðsluheimild frá og með fyrsta gjalddaga 15. október 2019. Fjárfestar sem kaupa skuldabréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greitt sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri. Breytingar á markaðsaðstæðum hverju sinni hefur því meiri áhrif á skuldabréfin, en á styttri, óverðtryggð skuldabréf á föstum vöxtum.

#### **1.2.7 Verðbólguáhætta**

Höfuðstóll skuldabréfaflokksins er verðtryggður og tekur hann breytingum út frá stöðu vísitölu neysluverðs (VNV) á gjalddaga vaxta og afborgana miðað við fast grunngildi VNV á fyrsta vaxtadegi LVED 57. Breytingar á vísitölunni hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfaflokknum, enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gjaldi vísitölnunnar áður en vextir eru reiknaðir. Verðbólga hefur því bein jákvæð eða neikvæð áhrif á virði skuldabréfaflokksins.

#### **1.2.8 Áhætta við gjaldþrot**

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir

Útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Útgefandi getur þó haldið uppi eðlilegum vörnum ef krafa á sér ekki eðlileg rök. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7 gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfaraheimildin þar að auki til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2.mgr., 1.gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins felur hann ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslum hans. Kröfur eiganda skuldabréfaflokksins samkvæmt LVED 57 eru jafn réttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Ef ágreiningsmál rísa út af skuldabréfaflokki má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. reglum XVII. Kafa laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

### 1.2.9 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki eigenda skuldabréfaflokksins miðað við fjárhæð (66,67%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum heimilt er að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að allt að 33,33% eigenda, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig.

### 1.2.10 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál

Um skuldabréfaflokkinn gilda íslensk lög eins og þau voru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfaflokkurinn samanstendur af verðbréfum og um þau gilda lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldabréfaflokkurinn er gefinn út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“) og gilda því einnig um hann lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Að auki ber félaginu að fylgja lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra eins og þau eru í gildi á hverjum tíma.

Brot útgefanda á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd útgefanda. Viðurlög við brotum á reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falið í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum um markaði fyrir fjármálagerninga fer eftir 9. þætti laganna og 12. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Útgefandi getur eðli máls samkvæmt ekki ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvæðana. Fjárfestingar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninga og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann.

Útgefandi kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvæðanir verði útgefanda óhagfelldir.



Útgefanda er ekki kunnugt um að nein stjórnslumál, dóms- eða gerðardómsmál, sem beint er gegn útgefanda séu í gangi, séu yfirvofandi eða hafa verið í gangi síðastliðna 12 mánuði sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfaflokki útgefanda sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði falla undir lög um markaði fyrir fjármálagerninga og aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðir settar á grundvelli laganna.

#### **1.2.11 Uppgjörsáhætta**

Í tengslum við möguleg viðskipti með skuldaskjölin er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu eða skuldaskjöl á réttum tíma.

## 2 Skuldabréfin

### 2.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna

Útgefandi var stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að ávaxta þá fjármuni félagsins sem aflað var með áskriftarloforðum fjárfesta að hlutafé útgefanda. Að lokinni áskriftarsöfnun fjárfesti útgefandi í samræmi við fjárfestingarstefnu. Umfjöllun um útgefandann og fjárfestingarstefnu má finna í 2. kafla „*Upplýsingar um útgefandann*“ í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022.

Að loknu fjárfestingartímabili var hlutafé útgefanda lækkað og skuldabréfaflokkurinn LVED 57 afhentur fagfjárfestum í skiptum fyrir hlutabréf sem þeir höfðu greitt fyrir. Skuldabréfin voru afhent hluthöfum í sama hlutfalli af heildarútgáfufjárhæð og hlutfallsleg eign þeirra í útgefanda. Samkvæmt bókhaldi útgefanda var andvirði skuldabréfanna 6.645 m.kr. við útgáfu þeirra og hafði því verið ráðstafað í fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu útgefanda. Útgáfan fór fram á genginu 1 eða á pari. Ekki féll til teljandi kostnaður vegna útgáfunnar sjálfrar en kostnaður var vegna skráningar skuldabréfaflokksins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland, en fjallað er um hann í kafla 2.8.1 „*Kostnaður vegna tóku til viðskipta*“. Áætlaður nettó ágóði útgáfunnar er því 6.638 m.kr. Heildarheimild skuldabréfaflokksins var 6.645 m.kr. og skiptist í 1 kr. nafnverðseiningar og telst heildarheimild fullnýtt. Útgáfudagur var 28. nóvember 2019 og var skuldabréfaflokkurinn rafrænt skráður samhliða í kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar.

Tafla 1: Yfirlit skuldabréfaútgáfu

| Útgáfudagsetning | Skuldabréfaútgáfa | Gengi | Söluandvirði |
|------------------|-------------------|-------|--------------|
| 28.11.2019       | 6.645 m.kr.       | 1     | 6.645 m.kr.  |

Útgáfa skuldabréfaflokksins var einungis boðin afmörkuðum íslenskum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við 9. gr. tl. 2 gr. þá gildandi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og var hún ekki sölutryggð (en eins og áður getur voru skuldabréfin gefin út til hluthafa í tengslum við lækkun hlutafjár). Ekkert útboð var haldið og því var ekki gerð lýsing eins og kveðið er á um í 1. gr. lýsingarreglugerðar. Engin opinber tilkynning var birt um útgáfuna. Hægt verður að eiga með þau víðskipti á eftirmarkaði á líftíma skuldabréfanna.

Á árinu 2021 var greitt til fjárfesta skuldabréfaflokksins 117 m.kr. í formi vaxta- og afkomuauka. Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins er heimilt að greiða til fjárfesta vaxta- og afkomuauka en taka skal mið af áætluðum innheimtum tekjum og kostnaði ársins áður en ákvörðun er tekin um útgreiðslu. Nánari umfjöllun er að finna í ársreikning útgefanda fyrir árið 2021 í kafla 5.1. „*Gildistími og skjöl til sýnis*“ í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022.

### 2.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin

|                    |   |
|--------------------|---|
| Auðkenni           | LVED 57   |
| Útgefandi:         | Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf., kt. 701215-0280, Borgartúni 33, 105 Reykjavík |
| ISIN nr.           | IS0000031607  |
| Tegund skuldabréfs | Jafnar greiðslur (annuitet)   |

|  |   |
|--|---|
| Skráning í kauphöll                      | Já  |
| Ábyrgð á greiðslu útgáfu:                | Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs en útgefandi er rekinn af Landsbréfum hf. Útgefandi ber einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu, eingöngu með eignum sínum hverju sinni. Rekstraraðili er skaðlaus af útgáfu skuldabréfsins og ber ekki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta, verðbóta, innheimtukostnaðar eða hvaða greiðslum sem er vegna þessa skuldabréfs hvorki að hluta né í heild. Rekstraraðili útgefanda er hvorki skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfunum. |
| Heildarheimild útgáfu:                   | 6.645 m.kr.   |
| Fjárhæð útgáfu nú                        | 6.645 m.kr.   |
| Útgáfudagur:                             | 28. nóvember 2019   |
| Lokagjalddagi:                           | 15. apríl 2057  |
| Nafnverðseiningar:                       | 1 kr.   |
| Verðtrygging:                            | Skuldabréfið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs (VNV) með grunnvísitölu sem dagvísitala fyrsta vaxtadags, 470,28667. Höfuðstóll skal reiknaður áður en vextir eru reiknaðir.  |
| Fjöldi gjalddaga á ári (dagar tilteknir) | Fjórir (4), þann 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert.   |
| Vextir:                                  | 3,5% (fastir, flatir vextir, dagaregla 30/360E). Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í útgáfu þessari er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.  |
| Dagregla:                                | 30/360E   |
| Fyrsti vaxtadagur:                       | 15. október 2019  |
| Fyrsti gjalddagi vaxta:                  | 15. janúar 2020   |
| Gjaldmiðill                              | ISK   |
| Útreikningsaðili:                        | Landsbréf hf.   |
| Uppgreiðsluheimild:                      | Á vaxtagjalddögum bréfsins er útgefanda heimilt að greiða upp skuldabréfin, að hluta eða öllu leyti, án þóknunar. Skal útgefandi tilkynna um slíka fyrirætlan með minnst 15 daga fyrirvara. Við uppgreiðslu skuldabréfanna að fullu skal miða við uppreiknaðan höfuðstól eins og hann stendur á uppgreiðsludegi.  |

|  |  |
|--|--|
| Heimild  | Samkvæmt heimild hluthafafundar 5. september 2019.   |
| Trygging og helstu eiginlegar eignir útgefanda | <p>Eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfaflokks.</p> <p>Sé veðskuldabréf félagsins í skilum en endurmetið láns hlutfall engu að síður umfram hámark vegna þróunar á fasteignamarkaði er rekstraraðili ekki skyldugur til að bregðast við nema í samræmi við skilmála veðskuldabréfs.</p> <p>Skuldskeyting vegna veðskuldabréfa félagsins er heimil að fengnu samþykki fjárfestingarráðs og stjórnar. Aðrar breytingar á skilmálum veðskuldabréfa félagsins eru einnig heimilar með samþykki fjárfestingarráðs og stjórnar enda séu þær til þess fallnar að tryggja hagsmuni félagsins.</p> <p>Félaginu er heimilt að eiga fasteignir tímabundið enda sé um fullnustueign að ræða. Selja skal fullnustueignir svo fljótt sem verða má enda þjóni slíkt hagsmunum hluthafa.</p> <p>Rekstraraðila skal heimilt að fengnu samþykki fjárfestingarráðs og stjórnar að taka skammtímalán í þeim tilgangi að verja hagsmuni félagsins t.d. í tengslum við fullnustugerðir.</p>  |
| Gjaldfelling vegna vanskila                    | <p>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.</p> <p>Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga og útgefandi ekki gripið til ráðstafana til þess að efna skuldbindingar sínar, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til NASDAQ Iceland hf.</p> <p>Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til</p> |

vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust.

Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnréttáar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitthvað eitt af eftirfarandi tilfella mun eiga sér stað:

- a. Brotið er gegn ákvæðum um pari passu og einhverjum skuldabréfaeiganda veitt sérstök trygging eða greiðsla umfram aðra skuldabréfaeigendur.
- b. Útgefandi brýtur samþykktir sínar eða geri breytingar á samþykktum sínum með óheimilum hætti þannig að slíkt hafi efnisleg áhrif.
- c. Útgefandi gerir breytingar á samþykktum sínum, án samþykkis 66,67% kröfuhafa.

Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.

Skilmálabreyting

Samþykki 66,67% eigenda skuldabréfaflokksins þarf til að samþykkja skilmálabreytingu. Miða skal við fjárhæð. Útgefandi skal kynna tillögur að skilmálabreytingum og leita samþykkis fyrir þeim á fundi með sem minnst 15 daga fyrirvara með sannanlegum hætti.

Útgefanda skal skylt að boða til fundar skuldabréfaeiganda krefjist 10% þeirra þess. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.

Samþykki fyrir gjaldfellingu

Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins sem taldar eru upp hér að ofan eru háðar því skilyrði að a.m.k. 10% skuldabréfaeiganda m.v. fjárhæð samþykki slíkt á fundi sem útgefandi boðar til að beiðni einstakra

|                         |  |
|-------------------------|--|
|                         | <p>skuldabréfaeiganda. Eigin bréf útgefanda veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þau ekki talin með þegar krafist er samþykkis skuldabréfaeiganda. Útgefandi annast fundarboðun og skal boða til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Útgefandi hefur rétt til að taka til máls á fundi. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal afboða fundinn.</p>   |
| Framsali                | <p>Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa samkvæmt útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Um skráningu eignarréttinda yfir skuldabréfum fer eftir ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.</p>   |
| Stimpilgjald            | <p>Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013 um stimpilgjald.</p>  |
| Skuldabréfaeigendur     | <p>Allir þeir sem eiga kröfur á útgefanda á grundvelli skuldabréfa í skuldabréfaflokknum og geta framvísað staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun með sannanlegum hætti.</p>   |
| Ágreiningsmál           | <p>Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.</p>   |
| Afskráning              | <p>Skuldabréfaflokkurinn verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.</p>   |
| Rekstrarfélag útgefanda | <p>Landsbréf hf. sjá um daglegan rekstur útgefanda samkvæmt rekstrarsamningi. Landsbréf hafa sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Einnig er rekstraraðila heimilt að samþykkja fyrir hönd útgefanda alla samninga og skjöl sem útgefandi er aðili að enda sé slíkt í samræmi við samþykktir og rekstrarsamning. Landsbréf annast alla umsýslu tengda fjárfestingum útgefanda þ.m.t. eftirlit með vanefndaákvæðum og meðferð vanefndartilvika.</p>  |
| Vaxta- og afkomuauki    | <p>Á hverjum vaxtagjalddaga (eða næsta bankadegi þar á eftir) skal heimilt að greiða út vaxta- og afkomuauka. Vaxta- og afkomuaukinn tekur í fyrsta skipti mið af tímabilinu frá útgáfu skuldabréfsins en þar á eftir frá tímamarki undangengins greiðsludags vaxta- og afkomuauka. Fjárhæð vaxta- og afkomuaukans skal taka mið af áætluðum innheimtum tekjum (vaxtatekjur, uppgreiðsluþóknarir, dráttarvextir og önnur afkoma vegna vanskila) að frádregnum áætluðum greiddum vöxtum og kostnaði ársins (opinber gjöld og rekstrarkostnaður þ.m.t. umsýsluþóknun rekstraraðila).</p> |

Þess skal gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar. Fjárhæð vaxta- og afkomuaukans skal tilkynnt með minnst 15 daga fyrirvara. Útgefandi skal greiða vaxta- og afkomuaukann til skuldabréfaeiganda í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfafloknum.

## 2.3 Lög sem gilda um skuldabréfin

Um skuldabréfin gilda íslensk lög, þar á meðal lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf, auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fynast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fynast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Stefnt er að töku skuldabréfaflokksins LVED 57 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og því gilda um skuldabréfin og viðskipti með þau, lög um markaði fyrir fjármálagerninga.

Rísi ágreiningsmál út af skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## 2.4 Rafræn skráning og framsal

Skuldabréfaflokkurinn er gefinn út með rafrænum hætti hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og eru skilmálar hans aðgengilegir í heild sinni í 4. kafla „Útgáfulýsing LVED 57“ sem dagsett er 19. maí 2019.

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa samkvæmt útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Til að tryggja réttindi eigenda skuldabréfaflokksins og upplýsingagjöf til þeirra fram að skráningu skuldabréfanna á Nasdaq Iceland, skal útgefanda heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma. Heimild þessi fellur niður við skráningu skuldabréfaflokksins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland, eða öðrum skipulegum markaði.

Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum. Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila.

## 2.5 Forgangsröðun skuldabréfanna

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfafloknum eru ávallt jafnréttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Kröfur vegna skuldabréfanna njóta sömu rétt hæðar og almennar kröfur á hendur útgefanda komi til gjaldprotaskipta útgefanda

## 2.6 Heimild til útgáfu skuldabréfa

Samkvæmt grein 2.11 í samþykktum útgefanda er stjórn heimilt að gefa út skuldabréf til þess að fjármagna fjárfestingar útgefanda. Skuldabréfaútgáfan eigi að felast í útgáfu að minnsta kosti eins skuldabréfaflokks sem skráður verði og tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heimild til skuldabréfaútgáfu var veitt á hluthafafundi félagsins 5. september 2019 og heimild til skráningar skuldabréfaflokks á skipulegan markað var veitt á aðalfundi útgefanda 29. mars 2022.

Skuldabréfaflokkurinn var gefinn út 28. nóvember 2019 þegar kr. 6.645 m.kr. eða 6.645.m.kr. nafnverðseiningar, voru gefnar út en heildarútgáfuheimild flokksins er kr. 6.645 m.kr.

## 2.7 Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins

Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins er að fjármagna starfsemi útgefanda, en tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi, einkum fjárfestingar í skuldabréfum og lánasamningum með fasteignaveðum.

Tilgangurinn með því að skrá skuldabréfaflokkinn á skipulegum markaði er að auka markaðshæfi skuldabréfanna og tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma. Núgildandi reglur kveða m.a. á um að útgefandi skuldabréfa, sem tekin hafa til viðskipta, skuli kappkosta að birta opinberlega án tafar, eða eins fljótt og auðið er, allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfanna.

## 2.8 Taka skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland

Stefnt er að töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur markaður í skilningi íslenskra laga. Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Við það að skuldabréfaflokkur útgefanda er tekinn til viðskipta á Nasdaq Iceland lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum þar um og einnig skv. reglum Nasdaq Iceland, sem eru í gildi á hverjum tíma.

### 2.8.1 Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréfaflokkinn tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta er áætlaður 7,2 m.kr. Um er að ræða kostnað vegna gerðar lýsingar, kostnað við yfirferð og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu, kostnað við töku skuldabréfaflokksins til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Nasdaq Iceland, kostnað Nasdaq verðbréfamiðstöðvar samkvæmt gjaldskrá og aðra smávægilega kostnaðarliði sem falla til við undirbúning töku skuldabréfaflokksins til viðskipta.

## 2.9 Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer um skattalega meðferð skuldabréfanna samkvæmt íslenski skattalöggjöf á hverjum tíma. Um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur af vaxtagreiðslum skuldabréfanna fer eftir lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Móttakendur vaxtagreiðslna þurfa almennt að sæta afdrætti staðgreiðslu nema þeir séu sérstaklega undanþegninir samkvæmt lögum. Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar er nú 22%. Reikningsstofnanir sem



varsla skuldabréfin fyrir skuldabréfaeigendur annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Fjárfestum er ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013 um stimpilgjald.

## **2.10 Upplýsingar frá þriðja aðila**

Upplýsingar um vísitölu neysluverðs eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Upplýsingar frá Hagstofu Ísland eru opinber gögn og fengnar af vef Hagstofu Íslands: <https://www.hagstofa.is/>

Útgefandinn staðfestir, að því marki sem honum er unnt og kunnugt um að þær upplýsingar sem stuðst er við frá Hagstofu Íslands eru réttar og að engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

## **2.11 Ábyrgðaraðili og rekstraraðili útgefanda**

Ábyrgðaraðili útgefanda er Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP ehf. og ber hann beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins, Landsbréfum framkvæmdastjórn og umsýslu með daglegum rekstri skv. rekstrarsamningi. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2 í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022. Samkvæmt samþykktum útgefanda ber Landsbréfum, sem rekstraraðila, ábyrgð á athugun fjárfestingakosta, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar og sölu eigna, eftirfylgni með fjárfestingum og sölu eigna. Allar fjárfestingar eru bornar undir fjárfestingarráð og samþykktar af öllum stjórnarmönnum ábyrgðaraðila. Fyrirgreint á einnig við um sölu eigna og skilmálabreytingar skuldabréfaflokksins í eigu útgefanda. Landsbréf hf. er fjármálastofnun. skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfi félagsins tekur einnig til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar. Vörsluaðili félagsins er Landsbankinn hf.

### 3 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022 sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um töku skuldabréfa sem gefin er út af útgefanda, í flokknum LVED 57, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Framangreint fer fram í samræmi við lög og reglugerðir, meðal annars lög um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980, um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 6 og 14 við framselda reglugerð nr. 2019/980. Viðauki 6 er vegna útgefandalýsingar fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta og viðauki 14 er vegna verðbréfalýsingar fyrir verðbréf sem ekki er hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. september 2021. Útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland, sem tilgreind eru í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, dags. 1. september 2021.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, sem lögbæru yfirvaldi í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi lýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af þremur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 31. október 2022 og samantekt.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki LVED 57. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í 1. kafla í verðbréfalýsingu þessari og 1. kafla í útgefandalýsingu Landsbréfa- Veðskuldabréfasjóðs dagsettri 31. október 2022. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 31. október 2022 utan Íslands.

### **Fjárfesting í skuldabréfunum hæfir ekki öllum fjárfestum**

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

- a) Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
- b) Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfum.
- c) Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu útgefanda sem er dagsett 31. október 2022 og samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 31. október 2022 og verðbréfalýsingu þessari ásamt samantekt dagsettri 31. október 2022.
- d) Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á fjárfestingasafn viðkomandi.
- e) Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í skuldabréfunum.
- f) Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengist skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta-, gjaldmiðla og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

### **3.1 Gildistími og skjöl til sýnis**

Lýsing útgefanda dagsett 31. október 2022 samanstendur af þremur skjölum; verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 31. október 2022 og samantekt. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu að því tilskildu að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum markaði hefjast. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina (ef við á) og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Útgáfulýsing LVED 57 dagsett og undirrituð 19. maí 2019.

- Samþykktir útgefanda dagsettar 5. september 2019.

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <https://www.landsbref.is/serhaefdar-fjarfestingar/skrad-skuldabref>

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <https://www.landsbref.is/serhaefdar-fjarfestingar/skrad-skuldabref>

Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Borgartúni 33, 105 Reykjavík.

### 3.2 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík er umsjónaraðili með rafrænni skráningu og töku skuldabréfa í flokki LVED 57 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur verið stjórn og stjórnendum útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 31. október 2022 og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á upplýsingum úr endurskoðuðum ársreikningum útgefanda fyrir árin 2020, 2021 og könnuðum árslutareikningi 2022. Landsbréf er rekstraraðili útgefanda og annast fjárfestingar útgefanda ásamt daglegum rekstri.

Upplýsingar:

|               |  |
|---------------|--|
| Tölvupóstfang | <a href="mailto:Fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is">Fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is</a> |
| LEI-númer     | 549300TLZPT6JELDWM92   |
| Símanúmer     | 410-4000   |

### 3.3 Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar

Stjórnarmaður Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs GP ehf., kt. 661115-2380, Borgartúni 33, 105 Reykjavík sem gegnir hlutverki stjórnar útgefanda og framkvæmdastjórar Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf., kt. 701215-0280, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 31. október 2022

F.h. Landsbréfa – Veðskuldabréfasjóðs GP ehf

F.h. Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf.

\_\_\_\_\_  
Helgi Þór Arason, stjórnarmaður

\_\_\_\_\_  
Ingvar Karlsson, framkvæmdastjóri

\_\_\_\_\_  
Björn Snær Guðbrandsson, framkvæmdastjóri

### 3.4 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Landsbréfa og Landsbankans hf. vegna töku skuldabréfa Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Landsbankans hf. þóknun.

Landsbankinn hf. er eigandi Landsbréfa hf., rekstraraðila sem annast rekstur samlagshlutafélagsins Landsbréf - Veðskuldabréfasjóðs, sem er útgefandi skuldabréfaflokksins LVED 57 sem þessi lýsing dagsett 31. október 2022 tekur til. Framkvæmdastjórar útgefanda eru starfsmenn Landsbréfa og stjórnarmaður Landsbréfa – Veðskuldabréfasjóðs GP er jafnframt framkvæmdastjóri Landsbréfa. Útgefandi greiðir Landsbréfum þóknun vegna þessara verkefna.

Landsbankinn er vörsluaðili útgefandans sbr. IV. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annast tiltekin verkefni samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum sem gerðir hafa verið, m.a. um upplýsingatækni, mannauðsmál, reikninghald og bókhald, innri endurskoðun, og jafnframt annast Landsbankinn greiðslur útgefandans til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til. Landsbankinn fær greidda þóknun frá Landsbréfum vegna útvistaðra verkefna og eins fyrir að sinna hlutverki vörslufyrirtækis samkvæmt vörslusamningi aðila.

Í IV. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er kveðið á um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði. Rekstraraðili má ekki vera vörsluaðili sérhæfðra sjóða. Í III. kafla sömu laga er kveðið á um að meirihluti stjórnarmanna rekstraraðila skuli vera óháður móðurfélagi og vörsluaðila, rekstraraðili skal ávallt starfa í samræmi við lög og reglur sem eiga við hverju sinni svo honum sé unnt að gæta hagsmuna sérhæfðra sjóða, fjárfesta þeirra og heilleika markaðarins. Stjórnarmaður rekstraraðila má ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörsluaðila.

Útgefandi, Landsbréf og Landsbankinn fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Landsbankinn hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra en hana er að finna á vefslóðinni: [https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/1542\\_Stefna\\_um\\_hagsmunaarekstra.pdf](https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/1542_Stefna_um_hagsmunaarekstra.pdf)

Reglur Landsbréfa um hagsmunaárekstra eru m.a. settar fram á grundvelli III. kafla reglugerðar nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstraraðila verðbréfasjóða, útdrátt úr reglunum er að finna á vefslóðinni: <https://www.landsbref.is/um-landsbref/stjornarhaettir>

### 3.5 Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingunni vísa hugtökin;

„Aðalmarkaður Nasdaq Iceland“ er skipulegur verðbréfamarkaður. skv. 3 gr. 56. tl. laga um markaði fyrir fjármálagerninga,

„ábyrgðaraðili“ og „Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP“ til ábyrgðaraðila Landsbréfa – Veðskuldabréfasjóðs slhf., Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP ehf., kt. 661115-2380,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbréf“ og „rekstraraðili“, til Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, Borgartún 33, 105 Reykjavík,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf., kt. 701215-0280, Borgartúni 33, 105 Reykjavík,

„LVED 57“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins LVED 57 sem gefinn var út af Landsbréfum - Veðskuldabréfasjóð slhf., þann 28. nóvember 2019,

„lýsing“ til lýsingar Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf. dagsettrar 31. október 2022, sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 31. október 2022 og samantekt dagsettri 31. október 2022,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 4. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um lýsingar“ til laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020,

„lög um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna“ til laga um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna nr. 7/2020,

„Nasdaq verðbréfamíðstöð“ til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq Iceland“ og „Kauphöllin“ til Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 31. október 2022,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettrar 31. október 2022,

„VS reikningur“ til skrár um lokafærslur reikningseiganda yfir rafbréf hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð,

„vörsluaðili“ til vörsluaðilans Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

### 3.6 Skammstafanir og hugtök

|       |   |
|-------|---|
| e.    | enska   |
| ehf.  | einkahlutafélag                                     |
| hf.   | hlutafélag  |
| kr.   | Krónur  |
| kt.   | kennitala   |
| m.kr. | milljónir króna                                     |
| sbr.  | samanber  |
| sl.   | síðastliðinn  |
| slhf. | samlagshlutafélag                                   |
| VNV   | Vísitala neysluverðs, reiknuð skv. Hagstofu Íslands |

## 4 Útgáfulýsing LVED 57



## Undirritunarsíða

F.h. Landsbréfa – Veðskuldabréfasjóðs GP...<sup>1)</sup>  
Helgi Þór Arason

F.h. Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf.  
Ingvar Karlsson

F.h. Landsbréfa - Veðskuldabréfasjóðs slhf.  
Björn Snær Guðbrandsson